

Ársfundur Austurbrúar ses. 2024

haldinn í Frystihúsinu á Breiðdalsvík

23. maí kl 11:00

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður stjórnar Austurbrúar, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hún til að Jón Björn Hákonarson yrði fundarstjóri og Þórður Vilberg Guðmundsson fundarritari og var það samþykkt.

Fundastjóri tók við stjórn fundarins. Fór hann yfir að alls voru um 40 fundargestir, þar af 14 atkvæðisbærir fulltrúar. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt.

Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni og á samfélagsmiðlum. Fundurinn telst því löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmetan og svo var gengið til dagskrár.

1) Skýrsla stjórnar

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar. Nánari upplýsingar um starfsemi Austurbrúar á árinu 2023 er einnig hægt að sjá í rafrænu ársriti á vef Austurbrúar.

Í kynningunni rakti Berglind áherslur í starfsemi Austurbrúar og kom m.a. inn á að hnykkt hefði verið enn betur á upplýsingagjöf, annars vegar á milli stjórnar Austurbrúar og starfsfólks m.a. með reglubundnum innkomum yfirverkefnastjóra á stjórnarfundi þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum og svo hins vegar á milli framkvæmdastjóra og sveitarfélaga en hann hefur átt fundi með byggða- og bæjarráðum til að upplýsa um stöðu á ákveðnum verkefnum. Eins hefur verið lögð áhersla á aukin tengsl verkefnastjóra Austurbrúar við starfsmenn sveitarfélaga sem sinna áþekktum verkefnum. Berglind gerði grein fyrir samskiptum við önnur landshlutasamtök, við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og við stjórnvöld.

Þá vakti Berglind athygli á þeim opnu viðburðum sem Austurbrú hefur staðið fyrir að undanförunu. Nefndi í því sambandi „Hoppsa bomm - stefnumót um skíðasvæðin á Austurlandi“ sem haldið var í lok apríl á Egilsstöðum og einnig frá starfamessu sem fyrirhuguð er í haust. Hún hvatti fundarmenn til að kynna sér helstu verkefni og þjónustu sem Austurbrú sinnir í nýju ársriti og að lokum fagnaði hún því að Austurbrú hefði sett sér nýja stefnu sem aðgengileg er á vef stofnunarinnar.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning yrði tekin samhliða sem var samþykkt.



2) Afgreiðsla ársreikninga

Ingimar Guðmundsson, frá KPMG kynnti ársreikning Austurbrúar. KPMG sinnir endurskoðun Austurbrúar og er áritun KPMG fyrirvaralaus.

- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um rúmar 25 milljónir króna,
- Eigið fé er jákvætt um rúmar 110 milljónir króna.
- Handbært fé er um 230 milljónir króna og
- Eignir samtals um 292 milljónir króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög	9	198.997.198	185.951.147
Aðrar tekjur	10	383.825.621	418.554.664
		<u>582.822.819</u>	<u>604.505.811</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	333.399.019	335.089.753
Annar rekstrarkostnaður		227.800.815	261.977.484
Afskriftir	12	3.459.916	3.771.076
		<u>564.659.750</u>	<u>600.838.313</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		18.163.069	3.667.498
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		8.850.541	2.597.091
Vaxtagjöld		(1.963.297)	(591.620)
		<u>6.887.244</u>	<u>2.005.471</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>25.050.313</u>	<u>5.672.969</u>



Sjóðstreymisýfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarmiðurstæða ársins	15	25.050.313	5.672.969
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluþap varanlegra rekstrarfjármuna		107.000	0
Afskriftir	12	3.459.916	3.771.076
Vaxtasamningur, breyting		0	(3.903.095)
Veltufé frá rekstri		<u>28.617.229</u>	<u>5.540.950</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		(13.981.976)	(9.741.084)
Skammtímaskuldir, hækkun		13.293.645	46.894.946
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(688.331)</u>	<u>37.153.862</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>27.928.898</u>	<u>42.694.812</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(4.203.599)	(1.276.170)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		25.000	0
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(665.000)	(700.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(4.843.599)</u>	<u>(1.976.170)</u>
Hækkun á handbæru fé		23.085.299	40.718.642
Handbært fé í ársbyrjun		207.228.480	166.509.838
Handbært fé í árslok		<u>230.313.779</u>	<u>207.228.480</u>

+

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	8.477.475	7.865.792
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.705.000	1.040.000
Fastafjármunir		<u>10.182.475</u>	<u>8.905.792</u>
Viðskiptakröfur	14	41.818.736	26.080.998
Aðrar skammtímakröfur		10.455.666	12.211.428
Handbært fé	7	230.313.779	207.228.480
Veltufjármunir		<u>282.588.181</u>	<u>245.520.906</u>
Eignir samtals		<u>292.770.656</u>	<u>254.426.698</u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		108.152.875	83.102.562
Eigið fé	15	<u>109.752.875</u>	<u>84.702.562</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		45.273.890	38.884.625
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	99.273.199	80.694.878
Aðrar skammtímaskuldir		38.470.692	50.144.633
Skammtímaskuldir		<u>183.017.781</u>	<u>169.724.136</u>
Skuldir samtals		<u>183.017.781</u>	<u>169.724.136</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>292.770.656</u>	<u>254.426.698</u>

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til afgreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.



3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2024.

Í máli hennar fór hún yfir helstu verkefni síðasta árs í byggðaþróunar- og atvinnumálum, fræðslu- og rannsóknarmálum og málefnum SSA. Hún fór yfir helstu verkefni sem eru á döfinni hjá Austurbrú þessi misserin og hvað væri framundan í haust og í því samhengi minntist hún á endurnýjun sóknaráætlana en vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Austurland er eitt af stærstu verkefnum Austurbrúar á seinni hluta yfirstandandi árs. Hún sagði auk þess frá nýrri stefnu stofnunarinnar sem starfsmenn og stjórnendur unnu að í vetur og hefur verið birt á heimasíðu Austurbrúar.

Hún fór að lokum yfir fjárhagsáætlun þessa árs.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhagsáætlun ársins 2025 en engin tók til máls. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Fyrir fundinum lágu engar breytingar á skipulagsskrá né breytingar á innri reglum og féllu þeir liðir niður þar sem þeir eiga ekki við.

~~4) Breytingar á skipulagsskrá~~

~~5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.~~

6) Kosningar

a) Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri fór yfir að stjórn Austurbrúar samþykkti á fundi 17.05.2024 að KPMG yrði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses. fyrir árið 2024.

Engin tók til máls

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði sem samþykkt var samhljóða.

b) Kjör starfsháttarnefndar

Formaður starfsháttarnefndar, Skúli Björn Gunnarsson, lagði fram tillögu um að fulltrúar í starfsháttarnefnd Austurbrúar ses. verði:

- Sigríður Bragadóttir, fyrrverandi oddviti Vopnafjarðarhrepps
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar í Fljótsdal



- Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð

Engin tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði sem samþykkt var samhljóða.

c) Kjör siðanefndar

Formaður starfsháttanefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í siðanefnd Austurbrúar ses. verði:

- Bjarni G. Björgvinsson lögfræðingur, búsettur á Egilsstöðum
- Þórður Vilberg Guðmundsson sagnfræðingur, búsettur á Reyðarfirði
- Þuríður Björg Wíium Árnadóttir guðfræðingur, búsett í Vopnafirði

Engin tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri kynnti þá fyrir fundarmönnum fagrað Austurbrúar, sem skipað var á hagaðilafundi 29. apríl, en það skipa árið 2024:

- Fræðslumál, háskóli og rannsóknir: Sæunn Stefánsdóttir, formaður
- Ferðaþjónusta: Díana Mjöll Sveinsdóttir, varaformaður
- Atvinnu- og nýsköpunarmál: Sindri Sigurðsson
- Menning: Hlín Pétursdóttir Behrens
- Fræðslumál, vinnumarkaður: Hjördís Þóra Sigursteinsdóttir

7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagraðs

Skúli Björn Gunnarsson bar upp tillögu fyrir ársfund Austurbrúar ses. þann 23. maí 2023, samþykkt hjá starfsháttanefnd Austurbrúar 24. apríl 2024:

Starfsháttanefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði í samræmi við það skipulag sem samþykkt var á haustþingi SSA 2020.

Grunnviðmið fyrir laun stjórnar er þingfararkaup eins og það var í október 2020 og tekur það síðan breytingum í janúar ár hvert í samræmi við hlutfallslega breytingu á samningum FOSA við launanefnd sveitarfélaga. Laun fyrir setu í stjórn Austurbrúar eru því greiddar 49.478 kr. en jafnframt tekur Austurbrú þátt í mánaðarlaunum formanns sem nemur jafnhárri fjárhæð. Fyrir setu í fagraði er greitt 21.205 kr. fyrir hvern setinn fund.

Engin tók til máls.



Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði sem samþykkt var samhljóða.

8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál.

Dagmar Ýr minnti á málþingið „Öflugra Austurland“ sem haldið var eftir hádegið og hvatti fundarmenn til að mæta og taka þátt í umræðum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að fundarstjóri og fundarritari myndu ganga frá fundargerð.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn. Hann hvatti fundarmenn jafnframt til að mæta á málþingið, sleit fundi klukkan 11:53 og bauð til hádegisverðar.



Undirritunarsíða

Jón Björn Hákonarson

Þórður Vilberg Guðmundsson